



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 128/1091

komudagur 19.2.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingu á samkeppnislögum, 547. mál.

Alpýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra til breytinga á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Efni frumvarpsins tekur mið ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB um ábyrgðaryfirlýsingar.

Alpýðusambandið styður efni þessa frumvarps en með því er verið að treysta með ákveðnum hætti réttarstöðu neytenda.

Virðingarfyllst,

Ingvar Þverrisson, hdl.

lögfræðideild ASÍ

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.02.2003
Tilv. 02.109
GÁS/gás

Vísað er til erindis hæstvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 7. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um neytendakaup, 556. mál og breytingu á samkeppnislögum, 547 mál.

1. Frumvarp til laga um neytendakaup

Sú leið sem farin er í frumvarpinu að ákvæði um neytendakaup verði sett í sérstök lög og ákvæði þar að lútandi tekin út úr lögum um lausafjárkaup eru til þess fallin að skapa rugling og getur valdið töluverðri óvissu um hvaða lagaákvæði gildi. Við lestur frumvarpsins kemur ennfremur í ljós að í meirihluta tilvika virðist vera um að ræða tvítekningu, þ.e. sambærileg ákvæði er þegar að finna í lögum um lausafjárkaup. Eðlilegast hefði verið, til að fullnægja þeirri skyldu að taka ákvæði tilskipunar ESB 1999/44/EB upp í íslensk lög að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum um lausafjárkaup.

Samtökin hafa af því áhyggjur hve ábyrgðartími vegna galla er sífellt að lengjast sérstaklega í ljósi þess að neytendur virðast ekki alltaf gera sér grein fyrir því að ábyrgðin verður einungis virk ef um gallaða vöru er að ræða. Ekki er tekið á því ef vara hefur bersýnilega stuttan líftíma eða ef notkun hlutarins leiðir til bilunar eða eyðileggingar hans. Kemur þetta æ oftár í ljós í neytendaviðskiptum. Hinn langi ábyrgðartími vegna galla hefur í för með sér að vöruverð hækkar því seljendur hér á landi geta ekki gengið að því vísu að í viðskiptum þeirra við erlenda birgja eða framleiðendur njóti þeir sambærilegs ábyrgðartíma ef um er að ræða gallaða vöru sem venjulega er aðeins 1 ár. Það eru því íslenskir seljendur sem þurfa að bera skaðann.

2. Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum

Samtökin telja að þær breytingar á samkeppnislögum sem lagðar eru til séu í samræmi við tilskipun ESB 1999/44/EB og gera ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Þó er ástæða til að benda á að í frumvarpinu er það gert að fortakslausu skilyrði að ábyrgðaryfirlýsing skuli vera á íslensku. Tilskipunin gerir ráð fyrir að aðildarríki geti ákveðið að ábyrgðin sé samin á einu eða fleiri opinberum tungumálum bandalagsins. Það að leggja svo ríka skyldu á fyrirtæki leiðir til kostnaðarauka fyrir þau, t.d. vegna

Þýðinga en ábyrgðaryfirlýsingar fylgja mjög gjarnan vörunni frá framleiðanda. Mun þetta skilyrði óhjákvæmilega hafa áhrif á verðlag. Telja verður að nægilegt sé að ábyrgðaryfirlýsing sé á ensku eða einhverju af Norðurlandatungumálunum eins og mjög gjarnan er gert að skilyrði hér á landi þegar um er að ræða upplýsingar sem beinast að neytendum.

Að lokum vilja samtökin vekja athygli á að hér er um að ræða mikinn lagabálk en stuttur tími hefur verið veittur til að veita umsögn þannig að eflaust hefði mátt gera frekari athugasemdir en hér hefur verið gert. Lýsa samtökin sig reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar verði þess farið á leit.

Virðingarfyllt

Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.